



Skjalið samdi:  
Kristófer Tómasson  
kt. 060865-5909

## KAUPSAMNINGUR

---

### 1. Aðild.

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**, kt. 540602-4410, (hér eftir nefndur kaupandi), og **Hó ehf**, kt. 700516-2370 (hér eftir nefndur seljandi), gera með sér eftirfarandi kaupsamning:

### 2. Hið selda.

Kaupandi lofar að kaupa og seljandi lofar að selja íbúð við Vallarbraut nr. 9 í Brautarholtshverfi Skeiða- og Gnúpverjahreppi, landnr. 229325, sbr. nánari afmörkun lóðarinnar á meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti. Íbúðin hefur ekki verið byggð þegar samningur þessi er gerður. Íbúðin verður hluti af tveggja íbúða parhúsi, og verður hún 97,3 fermetrar að stærð. Húsið verður hefðbundið timburhús á steypum sökklum og með steyptri botnplötu. Húsið verður einangrað með 8 tommu (200mm) þykkri einangrun í veggjum og 10 tommu (250mm) þykkri einangrun í þaki. Einhalla þak með brenndum þakpappa, upptekin loft sem gefur aukna lofthæð. Klætt að utan með lerki, þakkantur og rennur úr áli.

### 3. Kaupverð og greiðsluskilmálar.

Kaupverð íbúðarinnar er 31.900.000 kr. Þrjátíu og ein milljón og níuhundruð þúsund krónur.

Kaupandi greiðir seljanda fyrir eignina með eftirgreindum skilmálum:

8.000.000 kr við undirskrift samnings

12.000.000 kr þegar botnplata hefur verið steyp.

6.000.000 kr þegar íbúðin er fullbúin að utan og komin á byggingastig 5 samkvæmt staðfestingu byggingafulltrúa.

5.900.000 kr þegar íbúðin er fullbúin. Byggingarstig 7.

### 4. Afhending hins selda.

Íbúðin verður afhent fullbúin við byggingarstig 7. Afhending skal fara fram í síðasta lagi 01. ágúst 2020.

### 6. Úrlausn ágreinings.

Komi til ágreinings milli aðila samningsins um túlkun einstakra ákvæða hans, samningsins í heild, um réttindi og skyldur aðila á grundvelli hans og efndir þeirra, sem aðilum tekst ekki að leysa með samningum, skulu dómsmál vegna samningsins rekin fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

## 7. Byggingastjórn.

Fulltrúi seljanda annast byggingastjórn.

## 8. Ýmis ákvæði.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda einu eintaki.

Veðbókarvottorð liggur frammi við gerð kaupsamnings og hefur kaupandi kynnt sér það.

Kaupandi greiðir skatta og gjöld af eigninni frá afhendingu og hirðir arð af henni frá sama tíma.

Til staðfestu framangreindu rita forsvarsmenn seljanda og kaupanda undir skjal þetta í votta viðurvist og lýsa jafnframt yfir fjárræði sínu.

Kaupandi ber kostnað af gerð og þinglýsingu kaupsamnings þessa, sem og afsals.

Árnes, 19.12 2019.

### Kaupandi

Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Sveitarstjóri  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps

A handwritten signature in blue ink, written over the logo and text of the buyer.

### Seljandi

F.h Hó ehf

A handwritten signature in blue ink, written over the text of the seller.

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði aðila:

Þuríður Jónsdóttir 150157-3429 Kristjánar Heyden 2011250-3579